

2. fundur stjórnar foreldrafélags Flataskóla þ. 18.10.2006 kl. 17:15 – 18:30.

Mættar voru: María, Jóhanna, Þórleif og Hrönn.

1. Hrönn var búin að kanna hvort hægt væri að koma félagsgjöldum foreldrafélagsins í rafræna innheimtu í banka. Það kostar um 80 kr. en strandar á því að nöfn foreldra/aðstandenda grunnskólabarna í Flataskóla (og öðrum skólum) fást ekki uppgefin sem nauðsynlegt er til að þetta geti orðið að veruleika. Svo það er ekki um annað að ræða en að innheimta áfram upp á gamla mátann. Rætt um að bekkjarfulltrúar yti á foreldra að greiða þetta gjald, sem er kr.1.000,- á fjölskyldu barns. Þetta gjald er mikilvægt fyrir starfsemi foreldrafélagsins og stendur undir starfsemi þess að miklu leyti, s.s fræðslufundum og öðrum viðburðum sem foreldrafélagið skipuleggur. Rætt um hvort bekkjarfulltrúar fái lista yfir þá foreldra í hverjum bekk sem greitt hafi þannig að hægt sé að minna hina á að greiða. Aðalmálið er það, að fólk hreinlega man ekki hvort það var búið að greiða eða ekki. 30% hlutfall sem innheimtist sl. vetur er of lágt.
2. María og Þórleif ætla að biðja um fund með skólastjóra sem fyrst til að ræða m.a.
 - a) eineltisstefnu skólans
 - b) möguleika á allavega einum fundi á önn með skólastjóra, deildarstjórum yngri og eldri deildar og stjórn foreldrafélagsinsins og foreldraráði Flataskóla.
 - c) athugasemdir sem borist hafa frá foreldrum varðandi stuttan tíma fyrir nemendur bæði í mat og sund/leikimi
3. Ákveðið að breyta árlegri leikhúsfærð í bíóferð. Hrönn ætlar að athuga hvort hægt sé að „kaupa“ sýningu í kvikmyndahúsi, t.d. á laugardegi eða sunnudegi kl. 12 í byrjun nóvember nk. Með því móti væri jafnvel hægt að fá sýninguna á talsvert lægra verði.
4. Hrönn er langt komin með að útbúa möppu sem dreift verður á fundi með bekkjarfulltrúum á fundi þ. 24.10.06 kl. 20. Hætt var við að útbúa hefti fyrir hvern bekkjarfulltrúa vegna kostnaðar. Hún ætlar að senda fundarboð á alla bekkjarfulltrúa í skólanum á morgun, fimmtudag.
5. Rætt um jólaföndur, sem ákveðið hefur verið að hafa árlega þar sem það heppnaðist vel í fyrra. Ákveðið að hafa það 26. nóv. nk. ca kl. 13-15, tími ekki ákveðinn alveg. Á dagskrá verður mögulega:
 - a) Piparkökuskreyting. Þar þarf að útvega hráefni í krem, þ.e. flórsykur og matarliti. Síðan þarf að útvega brúsa/sprautur fyrir kremið og auðvitað piparkökurnar. Spurning hvort bekkjarfulltrúar verði ekki kallaðir til aðstoðar til að útbúa kremin. Það verður skoðað betur þegar nær dregur.
 - b) Laufabrauðsgerð. Jóhanna ætlar að hafa samb. við bakarann sem útvegaði hráefnið sl. ár og einnig feiti. Fólk þarf síðan sjálft að koma með laufabrauðsjárn til að skrera út.
 - c) Mósaikplattar. Þar þarf að útvega mósaikflísar. Þórleif kannar möguleika á slíku en einnig verður kallað eftir aðstoð foreldra við að útvega flísar ef þarf. Kaupa þarf tréplatta, lím og fúgur.
6. 66°N. Ath þarf hvenær peysurnar sem pantaðar voru í sept sl. verða tilbúnar og síðan kostnaðarhlíðina á því ef bolir eða buxur verða pantaðar líka. Rætt um að gera verðsamanburð hjá fleiri aðilum, varðandi boli. Ath. t.d Henson. Þetta þarf

að ræða við bekkjarfulltrúa 24. okt. nk. (eins og fleira), til að kanna áhuga á þessu meðal foreldra almennt.

f.h. stjórnar foreldrafélags Flataskóla
Þórleif Hjartardóttir, ritari